



RÍKISKAUP

Fræðsla um örútbóð fyrir kaupendur.

Örútbod

- Innkaupaferli þar sem kaupandi leitar, með hæfilegum fyrirvara, skriflegra tilboða meðal rammamningshafa (seljenda) sem efnt geta samning á grundvelli hlutlægra viðmiðana sem koma fram í útboðsskilmálum rammamningsins.
- Ef rammamningur er gerður við fleiri en eitt fyrirtæki og allir skilmálar rammamnings eru ákveðnir og hlutlæg skilyrði til að ákvarða val á rammamningshafa liggja fyrir í útboðsgögnum rammamnings er heimilt að gera einstaka samninga við rammamningshafa í samræmi við ákvæði rammamnings. Ef skilmálar rammamnings eru að einhverju leyti óákveðnir skal fara fram örútbod milli rammamningshafa, eftir atvikum eftir að ítarlegri skilmálar eða tæknilegar kröfur hafa verið settar fram, í samræmi við eftirfarandi reglur:
 - a. Við gerð hvers einstaks samnings skal kaupandi ráðfæra sig skriflega við þá rammamningshafa sem efnt gætu samninginn.
 - b. Kaupandi skal ákveða tilboðsfrest sem er nægilega langur til að rammamningshafar geti gert tilboð vegna þess samnings sem um er að ræða. Við mat á lengd frests skal taka tillit til hversu flókið efni samningsins er, svo og sendingartíma.
 - c. Tilboð rammamningshafa skulu vera skrifleg og skulu ekki opnuð fyrr en tilboðsfrestur hefur runnið út.
 - d. Kaupandi skal velja á milli tilboða rammamningshafa á grundvelli valforsendna sem fram hafa komið í skilmálum rammamnings.

Hvað er örútbóð?

- Örútbóð er formlegt ferli þar sem niðurstaðan er ákveðin kaup á vöru eða þjónustu þar sem hagstæðasta tilboð er valið út frá valforsendum kaupanda.
- Í flestum rammamningum er gefinn kostur á að fara í örútbóð milli birgja innan rammamnings og einnig er í flestum tilfellum skylda að fara í örútbóð ef fyrirhuguð kaup fara yfir ákveðna upphæð eða ef skilmálar rammamnings eru að einhverju leiti óákveðnir.
- Ef öll tilboð eru hærri en kostnaðaráætlun kaupanda, þá getur hann hafnað öllum tilboðum, ef áskilnaður kemur fram um það í útbóðslýsingu. Kostnaðaráætlun þarf að liggja fyrir við opnun tilboða.
- Öll almenn ákvæði rammamnings eiga við um örútbóð.
- Tilgangurinn með örútbóðum er að ná sem bestum kjörum fyrir tiltekin innkaup hverju sinni.

Hverjir geta gert örútboð?

- Hver og einn kaupandi sem er aðili að rammamningum Ríkiskaupa (RS), getur farið í örútboð. Einnig er tveimur eða fleiri kaupendum í RS er heimilt að fara í **sameiginlegt örútboð** eftir ákvæðum RS, þá eru þarfir allra kaupenda sem eiga aðild að örútboðinu teknar saman sem ein innkaup.
- Örútboð eru ekki auglýst eins og venjan er með almenn útboð heldur er seljendum viðkomandi rammamning sendar upplýsingar um örútboðið, venjulega í gegnum hnapp á læstri heimasíðu Ríkiskaupa fyrir áskrifendur, í gegnum TendSign útboðskerfi RK eða með tölvupósti, og þeim gefinn kostur á að taka þátt.
- Kaupandi getur með einföldum hætti sent út örútboð eða leitað ráðgjafar eða liðssinnis Ríkiskaupa, jafnvel látið Ríkiskaup sjá alfarið um örútboðið.

Hvernig er örútbóð framkvæmt?

- Í rammamningum er áskilinn er réttur til að skilgreina nánar auknar tæknilegar og/eða fjárhagslegar hæfiskröfur eftir eðli og umfangi verkefnisins s.s. um gæði, þjónustu, umhverfisþætti, o.fl. en ákvæði um það þurfa hafa komið fram í viðkomandi rammamning.
- Valforsendur sem kaupendur geta m.a. sett fram í matslíkani örútbóðs koma fram í útbóðsgögnum rammamningsins. Í örútbóðum er hagkvæmasta verið (hagkvæmasta verðið þarf ekki að vera lægsta verðið) látið ráða vali á seljenda að uppfylltum öðrum skilyrðum sem kaupandi setur fyrir innkaupunum og þeim skorðum sem fyrir eru í rammamningnum, en aðrar valforsendur eins og t.d. gæði, ábyrgð, lífsferilsskostnaður eða afhending geta ráðið hagkvæmasta verðinu. Upplýsingar um aðrar valforsendur má finna í hverjum og einum rammamningi.

Hvernig er örútbóð framkvæmt? Frh.

- Kaupandi gerir stutta samantekt á þeirri vöru eða þjónustu sem hann vill falast efir. Þar skal lýst því sem fyrirhugað er að kaupa, umfang þess, hvaða þjónustu það felur í sér, hvaða kröfur eru gerðar til gæða og faglegrar þekkingar bjóðenda.
- Einnig er ákjósanlegt að tiltaka í örútbóðsgögnum hæfilegan tilboðstíma, að teknu tilliti til fyrirspurnarfrests og hversu flókið efni örútbóðsins er.


Hvernig er örútbóð framkvæmt? Frh.

- Samantektin er send til allra bjóðenda í rammamningnum og óskað eftir t.d. föstu tilboðsverði eða hámarksverði í tiltekið verkefni, að almennum kröfum rammamnings og sértækum kröfum verkefnisins uppfylltum.
- Örútbóð getur farið fram hvort heldur með rafrænum hætti eða skriflegum sjá má sniðmát fyrir [örútbóð á heimasíðu Ríkiskaupa](#).
- Við hvern og einn rammamninga á rikiskaup.is er að finna sértækar leiðbeiningar og þar getur kaupandi með einum smelli sent sín örútbóðsgögn beint til allra mögulegra seljenda.

Tilboð metin

- Hagkvæmasta tilboð valið samkvæmt valforsendum örútbóðsins.
 - Mikilvægt er að ferlið allt sér gegnsætt og rekjanlegt til þess að auka tiltrú seljenda á ferlinu. Upplýsa þarf alla bjóðendur innan viðkomandi rammásamnings um framvindu og niðurstöðu innkaupanna, þ.e. hvaða tilboð bárust, hver hlaut samninginn og hverjar valforsendurnar voru, oftast lágsta verðið.
 - Gæta verður að því að breyta ekki hæfiskröfum og valforsendum í örútbóði frá því sem ákveðið er í rammásamningi.
-

Ferill örútboðs.



Þjónusta Ríkiskaupa – útboð - örútbóð ofl.

Hafðu samband við starfsfólk Ríkiskaupa ef það er líklegt að verkefnið sem þú stendur frammi fyrir sé ekki einstakt. Ekki finna upp hjólið.

Dæmi um örútbóð:

Endurskoðun, vöktun og prófun öryggiskerfa, námsgögn fyrir grunnskóla, UT tölvu- og hýsingar, eftirlit, prófun og viðhald loftræstikerfa, prentþjónusta – alþjónusta fyrir stofnanir og sveitarfélög, ledlýsing og stýring fyrir íþróttahús, rekstrar- og mannauðsráðgjöf, aðalskipulag fyrir sveitarfélög o.s.frv.

Er einhver búinn að fara í örúboð á öryggisþjónustu?

Já, það er svo.
Viltu sjá gögn sem dæmi?

Endilega!!!



Takk fyrir

Fræðslufundir um örútboð fyrir kaupendur 17/1, 31/1 og
14/2 2020

Rammasamningsteymi Ríkiskaupa